

Borgarráð 5. september: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um myglu í Laugarnesskóla

Flokkur fólksins spyr hvernig á að bregðast við ástandinu í Laugarnesskóla þar sem fjöldi starfsmanna hefur farið í veikindaleyfi eða látið af störfum vegna veikinda sem tengja má við mygluvandamál í skólanum.

Greinargerð:

Flokkur fólksins gerir sér grein fyrir að málið er stórt og flókið en Reykjavíkurborg ber skylda til að ráðast að vandanum engu að síður. Miklar áhyggjur eru einnig af heilsufari barnanna. Skemmst er að minnast fyrrverandi skólastjóra sem sá sig knúna til að hætta vegna veikinda sem rekja má til myglu. Margir tala um að borgaryfirvöld hafi brugðist og er ekki hægt að líta framhjá því. Reykjavíkurborg er ábyrgðaraðili. Reynt hefur verið að plástra í vandann en það hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Flokkur fólksins hefur margsinnis tekið upp mál Laugarnesskóla í borgarstjóra allt frá 2019. Nú er komið að endanlegum þolmörkum og segir starfsfólk og foreldrar hingað og ekki lengra. Stór hópur hefur stigið fram og kallar eftir viðbrögðum. Laugarnesskóli er farsæl stofnun til tugja ára. Laugarnesskóli er farsæll vinnustaður og er starfsmannavelta afar lítil. Vegna myglu hefur starfsfólk orðið að hætta sem vill alls ekki hætta í vinnunni sinni. Veikindi barna sem rekja má til myglu er grafalvarlegt mál. Skaðinn er mikill og í sumum tilfellum langvarandi. Flokkur fólksins kallar hér eftir svörum og óskar eftir að heyra nánar um til hvaða aðgerða borgin ætlar að grípa í þessu erfiða máli.